

9. gr.

Viðskipti fullvalda ríkis eða seðlabanka.

Ákvæði laganna um meðferð trúnaðarupplýsinga eiga ekki við um viðskipti fullvalda ríkis, seðlabanka þess eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu hlutaðeigandi ríkis í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

10. gr.

Viðurlög.

Brot á reglum þessum skulu tilkynnt bankastjórn Seðlabanka Íslands og getur hún, eftir eðli og umfangi brots, beitt án fyrirvara ákvæðum 11.2.5 í kjarasamningi bankamanna (fyrirvaralaus brottvikning úr starfi) áður en brot er kært til hlutaðeigandi yfirvalda.

Brot gegn ákvæðum V. kafla laga um verðbréfiðskipti (meðferð trúnaðarupplýsinga) varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Jafnframt er heimilt að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur með broti gegn ákvæðum hans.

Tilraun og hlutdeild í brotum eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningar-lögum.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi 1. desember 2002. Jafnframt falla úr gildi reglur hliðstæðs efnis frá 23. júní 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

Regluvörður skal hafa lokið fyrstu skráningu upplýsinga skv. ákvæðum 7. gr., sbr. ákvæði 8. gr., eigi síðar en 1. apríl 2003.

Reykjavík, 28. nóvember 2002.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson,
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri.

REGLUGERÐ**um bann við síldveiðum við Austurland.**

1. gr.

Frá kl. 15.00 30. nóvember 2002 eru allar síldveiðar bannaðar á svæði við Austurland sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65° 25'00 N – 13° 40'00 V
2. 65° 25'00 N – 12° 10'00 V
3. 64° 48'10 N – 12° 28'00 V
4. 64° 48'10 N – 13° 50'00 V

Milli punkta 1 og 4 afmarkast svæðið af strandlengjunni.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.